

# Launafulltrúi óskast á skrifstofu Blönduósbæjar

**Blönduósbær óskar eftir að ráða starfsmann í starf launafulltrúa á skrifstofu sveitarfélagsins. Um er að ræða 100 % starf, eða eftir nánara samkomulagi, og er vinnutími frá 8:00 – 16:00. Launafulltrúi sér um launavinnslu sveitarfélagsins ásamt öðrum almennum skrifstofustörfum.**

## *Helstu verkefni:*

- Launavinnsla fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins, ásamt tengdum félögum
- Utanumhald með fræðslu og starfsþróun starfsmanna sveitarfélagsins
- Samskipti við kjarasvið Sambands Íslenskra sveitafélaga
- Önnur almenn og sérhæfð skrifstofustörf á skrifstofu

## *Hæfniskröfur:*

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum launafulltrúa eða af mannauðsmálum æskileg
- Jákvæðni, skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum
- Þekking á skjalastýringarkerfum (ONE) eða sambærilegu æskileg

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Æskilegt er að viðkomandi geti hafði störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir *Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri* og skal senda skriflega umsókn með ferilskrá (CV) á netfangið: [valdimar@blonduos.is](mailto:valdimar@blonduos.is) fyrir 25. janúar nk.



**Blönduósbær**

[www.blonduos.is](http://www.blonduos.is)